

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

# Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna strenglagnar á milli Arnardals og Súðavíkur*

Atli Rúnarsson

Desember 2025

NV nr. 39-25

| NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA | | **Dagsetning Mán/ár:**<br>Desember 2025 |
|---|---|---|
| **Skýrsla nr:**<br>NV nr. 39-25 | **Verknúmer:**<br>724 | **Dreifing:**<br>☐ **Opin**<br>☐ **Lokuð til:**<br>☒ **Háð leyfi verkkaupa** |
| **Upplag:** | **Verkstig:** | |
| **Heiti skýrslu:**<br>Fornleifaskráning vegna strenglagnar á milli Arnardals og Súðavíkur | | **Unnið fyrir:**<br>Orkubú Vestfjarða |
| **Höfundur:**<br>Atli Rúnarsson | | **Verkefnastjóri:**<br>Kristín Sylvía Ragnarsdóttir |


ÚTDRÁTTUR

Að beiðni Eflu, fyrir hönd Orkubús Vestfjarða, gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar strenglagnar á milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Eftir samtal við Minjavörð Vestfjarða var ákveðið að einungis þurfti að skrá að heimatúni Fremrihúsa þar sem heimatúnið hafði verið skráð áður og restin af strengleiðinni var í vegstæði.
Alls voru 21 minjar skráðar og voru 11 af þeim skráðar í hættu vegna tilefnis, þ.e. vegna strenglagnarinnar.


| **Undirskrift verkefnastjóra:**<br>K. Ragnarsdóttir | **Yfirfarið af:**<br>**KSR** |
|---|---|

# EFNISYFIRLIT

1. Inngangur ..... 4
2. Skráningarsvæðið ..... 4
3. Aðferðafræði ..... 5
 3.1 Tilgangur fornleifaskráningar ..... 5
 3.2 Skráning fornleifa ..... 6
4. Sögulegt yfirlit ..... 6
 4.1 Saga Eyrardals ..... 6
 4.2 Saga Saura ..... 7
 4.3 Saga Traðar ..... 7
 4.4 Saga Súðavíkur ..... 7
 4.5 Saga Fremrihúsa í Arnardal ..... 8
5. Fornleifaskrá ..... 10
6. Niðurstöður ..... 31
 6.1 Niðurstöður vegna tilefnis ..... 32
7. Heimildaskrá ..... 35
8. Kort ..... 37

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Önnu Rutar Arnardóttur hjá Eflu, fyrir hönd Orkubús Vestfjarða, gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar strenglagnar frá Súðavík yfir í Arnardal í Skutulsfirði.

Einungis örlítill hluti svæðisins hafði verið skráður áður en það var á heimatúni Fremratúns og stendur sú skráning enn.[1] Allt svæðið var gengið en Efla útvegaði nýlegar drónamyndir sem notaðar voru í undirbúningi fyrir vettvangsvinnu.




Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt með gulri stjörnu.

Vettvangsvinna fór fram þann 13. Nóvember 2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.

## 2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið er samtals um 10 km langt og var skráð 15 m frá miðlínu strengsins til hvorrar handar, þ.e. samtals 30 m, og var skráningarsvæðið um 36 ha. Þó var skoðað aðeins stærra svæði til að koma í veg fyrir fleiri vettvangsferðir ef strengurinn yrði færður. Svæðið náði yfir fimm jarðir: Eyrardal, Saura, Traðir, Súðavík og Fremrihús.




Mynd 2. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu.

[1] Sjá: Ragnar Edvardsson, 2021

# 3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

## 3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr. segir:

> Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
>
> búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.
>
> Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

> fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

> Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

### 3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsjá Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið **3514** og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: *3514-001.*

## 4. SÖGULEGT YFIRLIT

### 4.1 Saga Eyrardals

Minnst var á Eyrardal í skrá um jarðir Vatnsfjarðar-Kristínar frá 1458[2] og í ættleiðingarbréfi Stephåns Loptssonar frá 1474.[3] Árið 1479 var Eyrardalur kominn í eigu Sólveigar Þorleifsdóttur og var metinn á xij hundruðir.[4] Í máldaga kirkjunnar í Vatnsfirði frá 1509 var sagt að Eyrardalur væri í eigu Björns Einarssonar en hann gaf kirkjunni lambseldi á þeim jörðum sem hann átti í Álftafirði, sem voru Súðavík, Eyrardalur, Dvergasteinn, Svarthamar, Svartból, Seljaland og Hattardalur.[5] Eins var minnst á Eyrardal í lýsingu á nokkrum jarðaskiptum Ögmundar biskups Pálssonar frá því í kringum 1570 og var þar sagt að Eyrardalur væri iij kúgildi.[6]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið í kringum 1710, var sagt að jarðardýrleiki Eyrardals hafi verið xii hudruðir og tíundaðist fjórum tíundum. Jörðin var í eigu kónglegs Majestat og var tvískipt ábúð á henni. Landskuld var lxxx álnir og var hún greidd með fiski í kaupstað. Engar kvaðir voru á jörðinni næstu sex árin en var áður skipsáróður um vertíð af hverjum ábúanda. Torfrista og stunga voru sögð bjargleg og sama var að segja um lyngrif, fjalldrapa og rifhrís til eldiviðar. Grastekja var sögð lítil og reki hafði ekki heppnast í manna minni nema einn hvalur. Eyrardalsá grandaði túninu með landbroti og engjarnar spilltust af fjalldrapa. Heimræði var árið um kring, nema um vorin, en hafði ekki gengið vegna efnaleysis ábúenda.[7]

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Eyrardalur hafi verið í bændaeign, dýrleikinn var 12, landskuldin 0,80, kúgildin 2 1/3 og ábúendur voru 1 eigandi.[8]

---

[2] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 162.
[3] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 747-748.
[4] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 198.
[5] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 287.
[6] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 509.
[7] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 172-173.
[8] J. Johnsen, 1847, bls. 198.

Á túnakorti frá 1922 var sagt að tún Eyrardals væru nær öll slétt. Nettó stærð túnanna voru 4,38 ha. og stærð matjurtagarða voru 696m$^2$.[9]

## 4.2 Saga Saura

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, var sagt að Saurar væru hjáleiga frá Súðavík eins lengi og menn mundu eftir. Þá var einnig sagt að Saurar hafi áður verið að fornu jörð útaf fyrir sig. Jörðin var talin fimmtungur allrar Súðavíkurjarðarinnar og var í fyrirsvari talin með heimajörðinni, óskipt af túni og engjum, að dýrleika vi hundruðir og svo tíundast. Landskuldin var xxx álnir og var greidd með peningum upp á fiskatal. Leigukúgildin voru tvö, engar kvaðir voru á jörðinni. Túnið spilltist af vatnsaga og brást vatnsból oft um vetur.[10]

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Saurar hafi verið í bændaeign, dýrleikinn var 6, landskuldin 0,40, kúgildin 1 og ábúendur voru 1 leigjandi.[11]

Á túnakorti Saura, ásamt lóðum í Súðavíkurhreppi, frá 1922 var sagt að allt túnið væri þýft og að túnastærðin væri nettó 1.9 ha. Lóðirnar voru:

- Lóð Friðriks Bjarnarsonar: túnastærð 1920 m$^2$ og matjurtagarðar voru 36 m$^2$.
- Lóð Þorláks Guðmundssonar: túnastærð 3612 m$^2$.
- Lóð Benónýs Magnússonar: túnastærð 456 m$^2$.
- Lóð Guðjóns Davíðssonar: túnastærð 3182 m$^2$ og matjurtagarðar voru 71 m$^2$.[12]

## 4.3 Saga Traðar

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, var sagt að Tröð hafi verið hjáleiga frá Súðavík sem hafði verið í byggð fyrir manna minni. Landskuldin var xxx álnir og var greidd með peningum uppá fiskatal til heimabóndans. Leigukúgildi voru þrjú og voru þau greidd þannig að hálfur þriðji fjórðungur var greiddur með ríkisdal til heimabóndans. Engar kvaðir voru á jörðinni en höfðu áður verið skipsáróður um vertíð á skipum heimabóndans.[13]

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Tröð hafi verið í bændaeign, dýrleikinn var 6, landskuldin 0,40, kúgildin 2 og ábúendur voru 1 leigjandi.[14]

Á túnakorti Traðar, ásamt lóðum í Súðavíkurhreppi, frá 1922 var sagt að túnin væru ca. ¾ slétt. Túnpartur Bjarna Hjaltasonar var 1,05 ha, túnpartur Ásgeirs Ingimars Ásgeirssonar var 0,63 ha og túnpartur Guðmundar Hjaltasonar var 0.29 ha og átti hann einnig 200 m$^2$ matjurtagarð. Lóð Sigríðar Aradóttur var 0,69 ha.[15]

## 4.4 Saga Súðavíkur

Í sálugjafarbréfi Björns Einarssonar Jórsalafara frá 1405 var minnst á Súðavíkurkirkju og var þá hálfkirkja í Súðavík nefnd í tylftardómi Stefáns biskups Jónssonar gegn Birni Guðnasyni árið

[9] Túnakort – Eyrardalur, 1922.
[10] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 171-172.
[11] J. Johnsen, 1847, bls. 198.
[12] Túnakort – Saurar ásamt lóðum í Súðavíkurhreppi, 1922.
[13] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 171.
[14] J. Johnsen, 1847, bls. 198.
[15] Túnakort – Tröð ásamt lóðum í Súðavíkurhreppi, 1922.

1515. Einnig var sagt að hálfkirkja væri á Súðavík í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá því í kringum 1570 og eins var sagt að Súðavík væri hálfkirkjujörð í biskupsvistasíu frá 1639.[16]

Árið 1458 var jörðin í eigu Kristínar Björnsdóttur og var metin á 30 hundruðir í dýrleika.[17] Árið 1604 seldi Ari Magnússon sr. Sveini Símonarsyni 10 hundruðir í Arnarnúpi og Skálará, átta hundruð að dýrleika, með samþykki Ragnheiðar Pálsdóttur konu sinnar. Á móti greiddi Sveinn með sjö hundruðum í Súðavík og sex hundruðum í Seljalandi, sem voru eignir hennar. Í tilgjöf hennar gaf Sveinn Ragnheiði 17 hundruðir í Arnarnúpi með því skilyrði að allur Arnarnúpur skyldi hverfa til erfingja þeirra, sem þau kynnu að eignast.[18]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, var sagt að hálfkirkja væri á Súðavík og að embætti væri flutt þegar heimafólk gekk til sacrementis. Jarðardýrleikinn var sagður xxx hundruðir með báðum hjáleigunum: Tröð og Saurum. Hvor hjáleigan fyrir sig var talin fimmtungur allrar jarðarinnar. Landskuld á allri jörðinni var i hundruðir og lx álnir, hún var greidd með peningum eða útlenskum varningi eftir kaupmannst taxta, oftast upp á alþing. Leigukúgildin voru ix og voru þau greidd með spesíu peningum upp á alþing og gilti hver ríkisdalur hálfan þriðja fjórðung smjörs. Engar kvaðir voru á jörðinni. Torfrista og stunga höfðu verið næg en var að eyðast upp. Svörður var notaður að miklu leyti til eldiviðar, lítið var um rifhrís í snarbrattri fjallshlíðnni út frá bænum og var erfitt að sækja það. Grastekja hafði verið lítil og var þá orðin eydd. Reki hafði ekki heppnast í manna minnum og var hrognkelstaka lítil og varla að telja. Súðavík átti skipsuppsátur og búðarstöðu í Arnardalslandi, á svæði sem heitir Hafnir, en sú aðstaða hafði ekki verið notuð í mörg ár. Súðavík átti skógtöku til kolagerðar í Svarfhólslandi, en það var orðið mjög eytt og varla notandi. Á móti átti Svarfhóll skipsuppsátur og búðarlán um vetur í Súðavík. Túnum og engjum var eytt af vatnsgangi og aurskriðum úr fjallinu og kvikfénaði var hætt fyrir snjóflóðum og sjávarflóðum undir mósköflum á vetrum. Kirkjuvegur var sagður erfiður yfir Álftafjörð og að húsum væri hætt fyrir stórvirðum af útvestri. Heimræði var árið um kring, nema á vorin, og var lendingin góð og gekk eitt eða tvö skip ábúenda, þó þau gætu verið fleiri ef mannskapur væri til.[19] Þá kemur umfjöllun um hjáleigurnar Tröð og Saura sem má lesa í fyrri köflum. Aftast í umfjöllun Jarðabókarinnar um Súðavík segir frá Búðarnesi. Sagt var að Búðarnes væri nes út með sjónum þar sem sjá mátti litlar tóftarrústir og voru munnmæli um að í fyrndinni hafi þar búið einn fátækur maður með graslausa sjóbúð og hafi verið myrtur þar. Eftir það hafi húsið niðurfallið og aldrei byggt þar aftur.[20]

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Súðavík hafi verið í bændaeign, dýrleikinn var 18, landskuldin 1,0, kúgildin 4 og ábúendur voru 1 leigjandi.[21]

## 4.5 Saga Fremrihúsa í Arnardal

Í Jarðabóka Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, var sagt að Fremri-Hús hafi verið byggð fyrir manna minni við heimatún Arnardals neðri. Landskuld jarðarinnar var þrjár vættir fiska í kaupstað, leigukúgildin voru tvö og voru greidd í smjöri og engin kvöð var á jörðinni eftir bóluna, en var áður skipsáróður. Torfrista og stunga var ekki talin

[16] Björk Ingimundardóttir, 2019, bls. 236-237.
[17] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 700-703.
[18] Gunnar F. Guðmundsson, 1993, bls. 158.
[19] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 170-171.
[20] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 172.
[21] J. Johnsen, 1847, bls. 198.

nýtileg, hrísrif og lyngrif var lítið og lítil silungsveiði var í Arnardalsá. Grastekja og rekavon var lítil. Sölvavon var næg fyrir heimamenn en var þó ekki nýtt, útigangur í fjörunni var þó í betra lagi. Jörðin átti selstöðu í landi Fremra Arnardals. Túnið var hart og graslítið og engjar höfðu skemmst í skriðum og vegna landbrots úr Arnardalsá. Kirkjuvegur var torsóttur en þó var heimræði allt árið um kring og lending góð.[22]

Ekki er minnst á Fremrihús í jarðatal Johnsen frá 1847 en þó segir í neðanmálsgrein: *„A.M. telur hjer hjáleigur: Ytrahús eða Árbæ (40 al. lsk. 2 kúg) og Fremrahús (60 al. lsk. 2 kúg.), sem báðar voru byggðar 1805, en nú er hvorug nefnd.“*[23]

Á túnakorti frá 1922 var sagt að tún Fremrihúsa væru um 1/6 slétt, túnastærðin nettó var 3,85 ha og matjurtagarðar voru 100 $m^2$.[24]

[22] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 167-168.
[23] J. Johnsen, 1847, bls. 198.
[24] Túnakort – Arnardalur (Neðri), 1922.

# 5. FORNLEIFASKRÁ

**Almennar upplýsingar**

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Eyrardalur | Eyrardalur |

**Upplýsingar um skráningu**

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 318974 | 620554 |

**Upplýsingar um minjar**

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| | Tóft | Óþekkt | Landbúnaðarminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3514-001 | 1550 – 1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0,1 – 0,5 m | 1,2 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Engin hætta |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 3. Uppmæling af tóft [3514-001].*

*Lýsing*

Tóft með óþekkt hlutverk. Tóftin er grasi- og mosavaxin en þó sést vel í grjóthleðslur. Líklegast er inngangur á norðurenda tóftarinnar en hrunið er inn í hana. Mögulega eru tvö hólf á tóftinni en fyrir miðjum vestur vegg stendur stuttur veggbútur um 30 cm inn í tóftina. Austur veggur er aðeins grafinn inn í hlíðina. Veggjahæð er frá 0,1 – 0,5 m og veggja breidd er að jafnaði um 1,2 m.

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 4. Horft SA yfir tóft [3514-001].*

*Umhverfi / staðhættir*

Í grasivaxinni brekkunni, um 110m SV við gamla bæjarhús Eyrardals, sem hýsir nú Melrakkasetrið.

*Athugasemd*

*Heimildir*

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Eyrardalur | Eyrardalur |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 318967 | 620572 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| | Garðlag | Túngarður | Landbúnaðarminjar |
| Auðkenni | Tímabil | *Ljósmynd / teikning* | |
| 3514-002 | 1550 – 1900 | | |
| Vegghæð | Veggjaþykkt | | |
| 0,1 – 1 m | 1 m | | |
| Ástand | Friðlýst | | |
| Vel greinanlegar | Nei | | |
| Horfin | *Hætta tilefni* | | |
| Nei | Engin hætta | | |
| Hættumat | Hættuorsök | | |
| Engin hætta | | | |




*Mynd 5. Uppmæling af túngarði [3514-002].*

*Lýsing*

Grjóthlaðið garðlag, það sem er eftir af túngarði Eyrardals. Garðlagið er um 110m langt og liggur nokkurn veginn N – S. Líklega hefur garðurinn legið lengra í báðar áttin en hefur horfið við seinni tíma framkvæmdir á svæðinu. Garðlagið er farið að síga og er orðið grasi- og mosavaxið. Veggjahæð er frá 0,1 – 1 m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 6. Horft norður eftir túngarði [3514-002].*

*Umhverfi / staðhættir*

Í grasivaxinni brekkunni. Norður endi garðlagsins er um 15m NV við tóft [3514-001].

*Athugasemd*

*Heimildir*

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Saurar | Saurar |

| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
|---|---|---|---|
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 318959 | 620782 |

| *Upplýsingar um minjar* | | | |
|---|---|---|---|
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Tóft | Óþekkt | Landbúnaðarminjar |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3514-003 | 1550 – 1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0 – 0,2 m | 0,7 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Vegna veitulagna |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

***Ljósmynd / teikning***




*Mynd 7. Uppmæling af tóft [3514-003].*

### *Lýsing*

Einföld tóft með óþekkt hlutverk. Tóftin er alveg grasi vaxin og töluvert sigin. Inngangur í tóftina er á austur hlið. Ekki fannst fyrir grjóthleðslum. Veggjahæð er frá 0 – 0,2 m og veggjabreidd er að jafnaði um 0,7 m.

### *Ljósmynd / teikning*



*Mynd 8. Horft vestur yfir tóft [3514-003].*

### *Umhverfi / staðhættir*

Í grasivaxinni hlíðinni, um 180 m norðan við Eyrardalsá.

### *Athugasemd*

### *Heimildir*

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Saurar | Saurar |
| **Upplýsingar um skráningu** | | | |
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 318912 | 620870 |
| **Upplýsingar um minjar** | | | |
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| | Tóft | Fjárhús | Landbúnaðarminjar |
| Auðkenni | Tímabil | *Ljósmynd / teikning* | |
| 3514-004 | 1550 – 1900 | | |
| Vegghæð | Veggjaþykkt | | |
| 0 – 0,7 m | 1,1 m | | |
| Ástand | Friðlýst | | |
| Vel greinanlegar | Nei | | |
| Horfin | *Hætta tilefni* | | |
| Nei | Engin hætta | | |
| Hættumat | Hættuorsök | | |
| Engin hætta | | | |




Mynd 9. Uppmæling af fjárhúsi og hlöðu [3514-004].

### *Lýsing*

Mögulegt fjárhús og lítil niðurgrafin hlaða. Tóftin er tvö hólf og er mögulegur inngangur á SA horni á syðra rými, ekki er sjáanlegur inngangur í nyrðra rýmið. Nyrðra rýmið er lítillega niðurgrafið, um 30 cm en veggjahæð og breidd eru ekki greinanlegar. Veggjahæð á syðra rýminu er 0 – 0,7 m og veggjabreidd að jafnaði um 1,1 m.

### *Ljósmynd / teikning*



Mynd 10. Horft suður yfir fjárhús [3514-004].

### *Umhverfi / staðhættir*

Í grasivaxinni hlíðinni, um 90m NV við tóft [3514-003].

### *Athugasemd*

### *Heimildir*

### *Almennar upplýsingar*

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Saurar | Saurar |

### *Upplýsingar um skráningu*

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 319010 | 620855 |

### *Upplýsingar um minjar*

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| | Tóft | Óþekkt | Landbúnaðarminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3514-005 | 1550 - 1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0,1 – 1 m | 1,2 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Engin hætta |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*




Mynd 11. Uppmæling af tóft [3514-005].

### *Lýsing*

Tóft með óþekkt hlutverk með mögulegan inngang á austur vegg, en sú hlið er mun illgreinanlegri en restin af tóftinni. Hún er grasivaxin og sigin en það finnst fyrir grjóti undir sverði. Tóftin er örlítið grafin inn í brekkuna. Veggjahæð er frá 0,1 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði 1,2 m þar sem hún er greinanleg.

### *Ljósmynd / teikning*



Mynd 12. Horft SV yfir tóft [3514-005].

### *Umhverfi / staðhættir*

Í grasivaxinni hlíðinni, um 90m austan við tóft [3514-004].

### *Athugasemd*

### *Heimildir*

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Saurar | Saurar |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 319005 | 620874 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Heimild | Matjurtagarður | Landbúnaðarminjar |
| **Auðkenni** | **Tímabil** | ***Ljósmynd / teikning*** | |
| 3514-006 | 1550 - 1900 | | |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** | | |
| | | | |
| **Ástand** | **Friðlýst** | | |
| Sést ekki | Nei | | |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** | | |
| Já | Vegna veitulagna | | |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** | | |
| Engin hætta | | | |



Mynd 13. Matjurtagarður [3514-006] á loftmynd frá 1974

*Lýsing*

Á loftmynd frá 1974 má sjá móta óljóst fyrir mögulegum matjurtagörðum. Þeir virðast hafa verið fallnir út notkun þegar myndin var tekin. Í dag sjást engin ummerki um garðana og er svæðið þýft graslendi.

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 14. Horft norður yfir svæðið þar sem matjurtagarðar [3514-006] voru.

*Umhverfi / staðhættir*

Í þýfðri grasivaxni hlíðinni ofan við Súðavík. Hnit var tekið um 15m norðan við tóft [3514-005].

*Athugasemd*

*Heimildir*

Loftmynd af Súðavík, 1974.

## *Almennar upplýsingar*

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Saurar | Saurar |

## *Upplýsingar um skráningu*

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 319042 | 620807 |

## *Upplýsingar um minjar*

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| | Heimild | Óþekkt | Landbúnaðarminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3514-007 | 1550 - 1900 |

| Vegghæð | Veggjaþykkt |
|---|---|
| | |

| Ástand | Friðlýst |
|---|---|
| Sést ekki | Nei |

| Horfin | *Hætta tilefni* |
|---|---|
| Já | Engin hætta |

| Hættumat | Hættuorsök |
|---|---|
| Engin hætta | |

### *Ljósmynd / teikning*



*Mynd 15. Tóft [3514-007] á loftmynd frá 1974. Tóftin er fyrir miðju á myndinni.*

## *Lýsing*

Á loftmynd frá 1974 sést tóft sem nú er horfin. Búið er að ryðja svæðið þar sem tóftin stóð og er þar nú komið malarplan.

## *Ljósmynd / teikning*



*Mynd 16. Drónamynd af svæðinu þar sem tóftin stóð.*

## *Umhverfi / staðhættir*

Tóftin hefur staðið þar sem nú er malarplan sem nýtt er sem geymslusvæði fyrir vélar og gáma.

## *Athugasemd*

## *Heimildir*

Loftmynd af Súðavík, 1974.

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Tröð | Tröð |
| **Upplýsingar um skráningu** | | | |
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 319027 | 621006 |
| **Upplýsingar um minjar** | | | |
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| | Garðlag | Túngarður | Landbúnaðarminjar |
| Auðkenni | Tímabil | *Ljósmynd / teikning* | |
| 3514-008 | 1550 – 1900 | | |
| Vegghæð | Veggjaþykkt | | |
| 0,7 – 1,2 m | 1 m | | |
| Ástand | Friðlýst | | |
| Vel greinanlegt | Nei | | |
| Horfin | *Hætta tilefni* | | |
| Nei | Vegna veitulagna | | |
| Hættumat | Hættuorsök | | |
| Engin hætta | | | |



*Mynd 17. Uppmæling af túngarði [3514-008].*

### *Lýsing*

Hluti af túngarði Traðar. Hér er líklega um yngsta stig túngarðsins að ræða en hann er enn þokkalega hár og beinn. Garðurinn snýr nokkurn vegin norður – suður og er um 20 m langur. Líklega er op á suður enda hans er erfitt er að segja það með vissu þar sem restinni af garðinum hefur verið rutt í burtu. Veggjahæð er frá 0,7 – 1,2 m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.

### *Ljósmynd / teikning*


*Mynd 18. Horft NV eftir túngarði [3514-008].*

### *Umhverfi / staðhættir*

Í vestanverðum túnjaðri Traðar. Í grasigrónni hlíðinni um 145m norðan við tóft [3514-005].

### *Athugasemd*

### *Heimildir*

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Tröð | Tröð |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 319043 | 621069 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Húsgrunnur | Útihús | Landbúnaðarminjar |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3514-009 | 1900 + |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| | |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Vegna veitulagna |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

***Ljósmynd / teikning***




*Mynd 19. Uppmæling af húsgrunni [3514-009].*

***Lýsing***

Grunnur af útihúsi frá Tröð. Húsið var enn standandi á loftmynd frá 1974 og er því ekki víst að um fornleifar sé að ræða. Grunnurinn er grasivaxinn og um 10 x 5 m að stærð.

***Ljósmynd / teikning***



*Mynd 20. Horft SV yfir húsgrunn [3514-009].*

***Umhverfi / staðhættir***

Í grasivaxinni brekkunni um 150m vestan við íbúðarhús Traðar.

***Athugasemd***

***Heimildir***

Loftmynd af Súðavík, 1974.

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| N-Ísafjarðarsýsla | Súðavíkurhreppur | Tröð | Tröð |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 13.11.2025 | 319046 | 621086 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Garðlag | Túngarður | Landbúnaðarminjar |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3514-010 | 1550 – 1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0,2 – 1,3 m | 1,1 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanleg | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Vegna veitulagna |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

***Ljósmynd / teikning***




*Mynd 21. Uppmæling af túngarði [3514-010].*

***Lýsing***

